

Mál nr. 2
Árborg
gegn
Afríku

Kæra Árborgar

Knattspyrnufélag Árborgar kærir hér með leik liðsins gegn Afríku sem fram fór í Fífunni laugardaginn 22. apríl kl. 14.05. Leikmaður nr. 10 í liði Afríku lék undir nafninu Símon Zouheir Bahraoui (kt. 290272-2389). Símon þessi heitir í þjóðskrá Símon Símonarson. Við höfum grun um að annar leikmaður hafi leikið undir nafni Símonar, án þess þó að geta greint frá því hver maðurinn er, en miðað við orðbragð hans í leiknum teljum við líklegt að hann sé Austur-Evrópskur. Þessu til stuðnings höfum við myndir af báðum leikmönnum, þ.e.a.s. myndir af Símon Zouheir Bahraoui sem þvígvegis áður hefur mætt Árborg á vellinum og síðan leikmanninum sem lék undir nafni Símonar í leiknum þann 22. apríl 2006. Kæran er byggð á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót þar sem segir í grein 4.3 um ólöglega skipað lið: Ef leikskýrsla er vísvitandi fyllt út, t.d. með því að falsna nafn eða kennitölu þátttakanda, skal liðið sem í hlut á tapa leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða."

Simon Zouheir Bahraoui hefur mætt Árborg í eftirtöldum leikjum:

08.08.2003 Afríka – Árborg 4:4. Símon á skýrslu nr. 8

28.05.2004 Afríka – Árborg 0:2. Símon á skýrslu nr. 11

15.07.2004 Árborg – Afríka 3:0. Símon á skýrslu nr. 5

Meðfylgjandi eru myndir af leikmanninum í þessum leikjum og mynd af leikmanni nr. 10 í leiknum þann 22. apríl sl.

Í undirbúningsvinnu fyrir kæru þessa reyndi undirritaður árangurslaust að hafa samband við Símon Zouheir Baharoui (S:820-0125) til að staðfesta að hann hafi ekki tekið þátt í leikjum Afríku í deildarbikatum. Kærandi óskar eftir því að Símon verði kallaður til dómss og látinn staðfesta að hann hafi ekki leikið gegn Árborg þann 22. apríl 2006.

Dómkröfur

krærandi er sú að Árborg verði dæmdur sigur í leiknum, 3-0.

Gögn

Leikskýrsla úr leik Afríku g Árborgar 22.04.2006

Leikskýrsla úr leik Árborgar og Af ríku 15.07.2004

Leikskýrsla úr leik Afríku og Árborgar 28.05.2004

Leikskýrsla úr leik Afríku og Árborgar 08.08.2003

Ljósmyndir af Símon Zoheir Bahraoui i leikjum gegn Árborg 8.8.2003. 28.5.2004 og 15.7.2004.

Ljósmyndir af leikmanni nr. 10 í leik gegn Árborg 22.4.2006.

(Myndirnar eru hér útprentaðar en Aganefnd KSÍ hefur þær undir höndum á tölvutæku formi.)

F.h. knattspyrnudeildar Árborgar,
Guðmundur Karl Sigurdórsson, formaður

Úrskurður dómstóls KSÍ

Ár 2006, þriðjudaginn 6. júní er dómþing Knattspyrnudómstóls KSÍ háð af Halldóri Frímanssými

Fyrir er tekið:

Mál nr. 2/2006

Knattspyrnufélag Árborgar

gegn

Afríku.

Í málinu er kveðinn upp svofelldur:

DÓMUR

I

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 27. apríl 2006. Kærandi er Knattspyrnufélag Árborgar, Stóru-Sandvík, 801 Selfossi. Kærði er Afríka, kt. 421202-2810, P.O. Box 8684, Reykjavík. Framkvæmdastjóri Zakaria Elías Anbari.

Málinu var endurúthlutað undirrituðum dómara í dómstól KSÍ þann 18. maí.

Kært er vegna leiks liðanna sem fram fór í Deildarbikarkeppni KSÍ – C deild karla riðli 1, 22. apríl s.l. kl. 14.05 í Fífunni. Úrslit leiksins voru 2-2.

Dómkröfur kæranda:

Krafa kæranda er sú að Árborg verði dæmdur sigur í leiknum, 0-3.

II

Atvik máls, málsástæður og lagarök

Í greinargerð kæranda segir m.a.: "Knattspyrnufélag Árborgar kærir hér með leik liðsins gegn Afríku sem fram fór í Fífunni laugardaginn 22. apríl kl. 14.05. Leikmaður nr. 10 í liði Afríku lék undir nafninu Símon Zouheir Bahraoui (kt. 290272-2389). Símon þessi heitir í þjóðskrá Símon Símonarson. Við höfum grun um að annar leikmaður hafi leikið undir nafni Símonar, án þess þó að geta greint frá því hver maðurinn er, en miðað við orðbragð hans í leiknum teljum við líklegt að hann sé Austur-Evrópskur. Þessu til stuðnings höfum við myndir af báðum leikmönnum, þ.e.a.s. myndir af Símon Zouheir Bahraoui sem þvívegis áður hefur mætt Árborg á vellinum og síðan leikmanninum sem lék undir nafni Símonar í leiknum þann 22. apríl 2006. Kæran er byggð á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót þar sem segir í grein 4.3 um ólöglega skipað lið: Ef leikskýrsla er vísitandi fyllt út, t.d. með því að falsa nafn eða kennitölu þátttakanda, skal liðið sem í hlut á tapa leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða."

Kærði hefur ekki skilað inn greinargerð í málinu, þrátt fyrir ítrekaðar óskir þar um. Við þingfestingu málsins 30. maí s.l. varð útvíst af hálfu kærða. Af því tilefni mætti starfsmaður KSÍ Ragnheiður Elíasdóttir fyrir dóminn og greindi frá því að þegar kæran barst hafi framkvæmdastjóri kærða verið staddur á skrifstofu KSÍ og hafi hann fengið að skoða kærana. Hann hafi þá tilkynnt að þeir myndu ekkert aðhafast í málinu og ekki skila inn greinargerð. Kærði var boðaður með tölvupósti 18. maí s.l. til þess að mæta við þingfestingu málsins. Hún sendi kærða einnig gögn málsins í pósthólf þeirra. Þegar hún hafði ekki fengið nein viðbrögð 27. maí hafi hún hringt í framkvæmdastjóra kærða og náð sambandi við hann. Hún bað kærða að vitja gagnanna í pósthólfið og að mæta við þingfestingu málsins 30. maí. Hún hringdi síðan aftur í framkvæmdastjóra kærða við þingfestinguna og tjáði hann henni að hann myndi ekki mæta.

III

Niðurstaða

Í máli þessu er útvíst af hálfu kærða. Ljóst er að málið verður því dæmt samkvæmt framlögðum gögnum og eru kröfur kæranda í málinu teknar til greina. Auk þess er mælt fyrir um það í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót 4.4. grein lið 4. að lið sem mætir ólöglega skipað til leiks, skuli sæta sekt að upphæð allt að kr. 24.000.

Samkvæmt framanrituðu telst Knattspyrnufélagið Árborg hafa unnið leikinn 0-3 og þykir ástæða til að dæma kærða til greiðslu sektar til KSÍ að fjárhæð kr. 15.000 vegna þessa.

Halldór Frímansson kveður upp dóm þennan.

DÓMSORÐ

Knattspyrnufélagið Árborg telst hafa unnið leik gegn Afríku sem fram fór í Deildarbikarkeppni KSÍ – C deild karla riðli 1, 22. apríl s.l. kl. 14.05 í Fífunni með markatölunni 0-3.

Halldór Frímansson, dómari